

1. Þið þurfið að svara öllum spurningum sem koma fram í úrvinnsluhluta tilraunalýsingarinnar í NGS, nema annað sé tekið fram á heimasíðunni fyrir tilraunina. Einnig þarf að svara þeim spurningum sem fyrir sumar æfingarnar bætt er við á heimasíðu námskeiðsins.
2. Merkið vel töflur og gröf. Það verður að tilgreina hvað hin ýmsu tákni þýða.
3. Lesið skýrsluna vandlega yfir til að leiðrétta stafsetningarvillur og málfarslegar villur.
4. Sýnið greinilega með einu dæmi (t.d. fyrir eitt hitastig, eða eitt sýni) öll þrep í reikningunum. Það er ekki nóg að vísa bara í útprentun á Matlab forritinu. Matlab forritið á að vera með sem viðauki með skýrslunni en skýrsluna verður að vera hægt að skilja án þess að rýna í Matlab forritið. Setjið líka útskýringar í Matlab forritið til að aðrir geti skilið það.
5. Segið hvaðan þið fáiið upplýsingar sem notaðar eru í reikningunum eða sem þið notið til samanburðar (t.d. töflugildi). Tilgreinið titil, höfund, útgáfu, ár og blaðsíðutal.
6. Þegar þið eruð beðin um að bera eitthvað saman, gerið þá töflu yfir þær stærðir sem á að bera saman (t.d. delta H fengið út frá varmafræðinni - Clausius-Claperon - og út frá tölfræðilegu affræðinni. Segið síðan hvernig þeim ber saman, þ.e. prósentu mismunur og þess háttar. Ekki bara segja 'vel' eða 'illa'.